

# 332. fundur Skólanefndar FS

## 20. maí 2015



**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Birkir Alfons Rúnarsson og María Líndal og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Félagsrýmið, staða málsins.
  2. Breytingar á starfsmannamálum.
  3. Útskrift.
  4. Umsóknir fyrir næstu önn.
  5. Önnur mál.

### 1. Félagsrýmið, staða málsins.

Rætt um hugmyndir um tengibyggingu sem myndi rúma aukið félagsrými nemenda. Búið er að senda erindi til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og ráðuneytis um að stefnt verði að byggingu sem verði tilbúin þegar haldið verður upp á 40 ára afmæli skólans haustið 2016. Jákvæð viðbrögð hafa borist frá sveitarfélögum en áfram verður unnið að málinu.

### 2. Breytingar á starfsmannamálum.

Skólameistari sagði frá breytingum á starfsmannamálum næsta skólaár. Elín Rut Ólafsdóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir koma úr leyfi og Sesselja Bogadóttir kemur úr barneignarleyfi. Steinunn Tómasdóttir fjármálastjóri verður í leyfi til áramóta en Sonja Sigurðardóttir leysir hana af. Einar Trausti Óskarsson kennari verður í námsleyfi næsta vetur.

### 3. Útskrift.

Skólameistari sagði frá útskrift sem verður á sal skólans laugardaginn 23. maí og hvatti nefndarmenn til að mæta. Að þessu sinni útskrifast 76 nemendur.

### 4. Umsóknir fyrir næstu önn.

Skólameistari sagði frá umsóknum um skólavist á haustönn en umsóknarfrestur er ekki liðinn. Umsóknir nýnema eru tæplega 200 en árgangurinn er minni en verið hefur undanfarin ár. Um 80 aðrir hafa sótt um skólavist auk nemenda sem voru við nám á þessari önn. Útlit er fyrir að fjöldi nemenda verði svipaður og á þessari önn.

*[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'KAS', 'G/Kn', 'GU.', 'Gull', and 'AK'.]*

**5. Önnur mál.**

- a) Birkir sagði frá nýrri stjórn nemendafélagsins og hugmyndum hennar um starf félagsins næsta vetur.
- b) Skólameistari sagði frá því að skólinn varð í 2. sæti í flokki stórra stofnana í samkeppni SFR um fyrirmyndarstofnanir.
- c) Kalka ætlar að styrkja skólann um 1.000.000 kr. til tækjakaupa í raungreinum og umhverfisfræðum.
- d) Lagt til að skólasjóður styrki nemendafélagið um 1.000.000 kr. til að efla fjárhag félagsins. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Guðbjörg R. Þórisdóttir*

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

*Kristín María Birgisdóttir*  
Kristín María Birgisdóttir

*Guðbjörg Kristmundsdóttir*  
Guðbjörg Kristmundsdóttir

*Pétur Brynjarsson*  
Pétur Brynjarsson

*Gunnar Valdimarsson*  
Gunnar Valdimarsson

María Línadal

*María Línadal*

Kristján Ásmundsson

*Kristján Ásmundsson*

*Birkir Alfons Rúnarsson*  
Birkir Alfons Rúnarsson

*Guðmann Kristþórsson*  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari